

Sljósala um h. ísl. Vatnshraðis-
felað. Þíðararinn 1907-08-05 1908-09

Drukk. 1909

Um nokkra nýja fundarstaði skelja í jarðlöögum á Íslandi.

H. P.

1. Breiðamerkurjökull.

Á auröldunum við endann á Breiðamerkurjökli, fann ég sumarið 1906 ýmsar skeljaleifar. Skeljarnar voru þessar: *Admete viridula* Fabr.; *Tellina calcaria* Gmel. (hallloka); *Maetra elliptica* Brown; *Cyprina islandica* L. (kúskel); *Mya truncata* L. (smyrslingur). *Dentalium entale* L. (skipstönn); *D. striolatum* Stimp.; *Trophon truncatus* Ström; *Aporrhais pes pelecani* L.; *Buccinum* Sp. (kongur); *Balanus* Sp. (hrúðurkarl).*

Flestar voru skeljarnar vestan Jöklulsár, en þó varð þeirra einnig vart austan við ána. Virtust þær vera úr grágrænu teirlagi sem er undir jöklinum, og voru sumar skeljarnar auðsjaanlega nýkomnar úr jöklinum. Þetta sýnir, að Breiðamerkurjökull hefir fyrir skömmu — þegar falið er á jarðfræðisvisu — verið talsvert minni en nú, líklega jafnvel alls ekki náð niður úr fjöllum, og hlýtur þá loftslag her á landi að hafa verið talsvert mildara en það er nú. Ekki er óliklegt, að þetta hafi verið um sama leyti sem sjór var svo heitur við Norðurland, að *Purpura lapillus* gat lifað í honum, eins og Guðmundur Bárðarson hefir funnið. Bjarni Sæmundsson

* Cand. mag. Ad. S. Jensen, alkunnur dýrafraðingur, hefir ákvæðið skeljarnar.

er helzt á því. að skeljaleifar þessar sér með nokkuru suðrænni blæ en er á skeljalissi nokkursstaðar við Íslandsstrendur nú, og var við því að búa-t. Hafið fyrir sandinum er nú grátt af jökkuleðju langt út, og þarf sennilega að fara nokkuð djúpt til að finna lítið sandblandið leir í botni. Bendir þetta alt, sem nú hefir verið sagt, til þess hve miklar breytingar hafa orðið á þessum svæðum, síðan grængrár leir gat sett fyrir þar sem nú jökullinn liggur yfir.

2. Hoffellsjökull.

Björn Kristjánsson, kaupm. og alþiugism., gaf mér fyrir nokkrum árum skeljar teknar á Hoffellsjökuls-sandi fyrir norðan Hornafjörð; skeljar þessar voru *Saxicava arctica*, *Pecten islandicus* og *Leda pernula*; voru þetta að því er ég frekast veit, fyrstu skeljar undan jöklí sem menn hafa fengið vitneskju um hér á landi. Á auroldunum við jökulendann safnaði ég 1906 eftirfarandi tegundum, sem Ad. S. Jensen hefir ákveðið: *Peten islandicus* Müll. (þörpuðiskur); *Mytilus edulis* L. (kræklingur); *Cardium ciliatum* Fabr. (báruskel); *Leda pernula* Müll.; *Saxicara arctica* L. (sandmiga); *Balanus* sp. (hrúðurkarl); *Hydroïdes (Serpula) norvegica* Gunn; eunfremur kvörn úr fiski og þó svo mæd að ekki verður um sagt með fullri vissu.

Dýraleifar þessar eru úr nokkuð hördnuðum, sendnum, gráuni leir, og bera vott um kaldari sjó en dýraleifarnar undan Breiðamerkurjöklí og kaldari sjó jafnvel en nú er við suðurströnd Íslands. Talsvert álli virðast þessi lög vera en skeljalöggin undir Breiðamerkurjöklí, frá því á úthallandi ísöld liklega, og sjór hefur þá gengið talsvert hærra á land en þegar þessi síðarnefndu skeljalög settust fyrir. Merkilegt virðist það vera,

að þarna er vitnisburður um kaldara loftslag hér, en nái, eða nákvæmar sagt: kaldari sjó hér við land, og þó minni jökul og er það þó ekki óskiljanlegt, fjöllin hefðu verið hækkað og jökkullinn vanið við það, þó að loftslag hefði orðið mildara, eða eyðst haft sem bannaði jöklinum þá afrás sem hann hefir nú. En frekari rannsóknar þarf þó við aður þetta efni sé nokkurn vegum ljóst.

(Frá þessum dýrabísum undir Breiðamerkurjökli og Hoffellsjökli hef ég skýrt námar í timarifi landfræðifélagsins í Berlin 1907).

3. Við Kaldá i Kolbeinsstaðahreppi.

Skömmu neðar en þar sem nýja veginum sleppir, fann ég í leirbakkanum vestan við Kaldá, þessar tegundir af skeljum: *Mytilus edulis*, (kræklingur); *Tellina calcaria* (hallloka); *Saxicava arctica* (sandmiga); *Mya truncata* (smyrslingur); *Buccinum undatum* (beitukongur); *Astarte* sp. (gimburskeli); *Balanus* sp. (hrúðarkarl). (Bráðabirgðarákvörðun).

Leirim sem skeljarnar eru í, er sumstaðar svo harður að fremur má heita leirberg; hann hefir auðsjáanlega orðið syrir miklum þrýstingi, er einkennilega marg-sundursprunginn og löggin hafa raskast. Ofan á honum virðast vera jöklamenjar, og sé rétt athugað, þá eru skeljarnar frá hlýrra timabili milli kaldarí, og hefir þetta líklega verið seitn á isaldatímabilinu. Skeljalöggin í Fossvogi, sem eru frá hlýrra timabili milli isalda virðast óseað eldri en þessi Kaldárlög; astur á móti eru Kaldárlöggin vaflau-t miklu eldri en skeljalöggin undir Breiðamerkurjökli, og sennilega líka eldri en Hoffellsjökulsöggin.

Loftslagsbreytingarnar á isaldatímabilinu hafa hér verið margar og miklar, stundum verið jafnvel minni jökkull á landinu en nú er, en stundum astur gengið

jöklar í sjó fram hvervetna á landinu. Ber landið mjög menjar þessa ýmislega loftslags, eigi að eins í jarðlögum. heldur einnig í landslagi. Lítill likindi eru til að breytingunum sé nú lokið þó að þeirra gæti lítið á einni mannsævi og jafnvel lítið á þeim tíma sem liðinn er frá byggingu Íslands.

*Helgi Péturss.
J*

